

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 Reykjavík

Kópavogur, 23. október 2023

Sendandi: Nói Kristinsson

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Mál nr. 238.

Hér er ekki mælt gegn þeim breytingum og hugmyndum sem eru vegna Menntamálastofnunar og er markmiðið ekki að tala gegn inntaki fyrirhugaðra breytinga heldur benda á þá vankanta sem snúa að þessum lögum og hvort þetta sé besta leiðin.

Það eru nokkrir þættir sem ekki eru útskýrðir nægjanlega vel, eða ekki nægar skýringar á sem ég set spurningarmerki við þegar kemur að svona mikilli og dýrri breytingu á stofnun.

Stór hluti verkefna sem áður voru hjá Menntamálastofnun verða áfram hjá nýrri stofnun og ber þá helst að nefna Matsferill og útgáfa námsefnis. Í lögunum er kveðið á um að „11,5 stöðugildi færist til mennta- og barnamálaráðuneytis.“

Af þessu má túlka að það séu þau verkefni sem færast yfir til ráðuneytisins (20% verkefna) og að eftir séu 80% verkefna (hér er gengið út frá stöðugildum). 80% verkefna eru enn hjá sömu aðilum en samt réttlætist niðurlagning stofnunar til þess eins að reisa aðra... með sömu skammstöfun en ekki sama nafni.

Helsta vandamálið eru þó þeir þættir sem ekki hafa verið ávarpaðir eða eru mjög ógagnsæir.

Mögulegur kostnaður sem ekki er gert grein fyrir:

- Gífurlegur kostnaður liggur að baki þess að leggja niður stofnunina og að reisa nýja.
- Aukin aðkoma lögfræðinga við ýmis mál.
- Endurskipulagning gæðakerfa – Gerð nýrra ferla
- Segja upp öllum samningum og þá skaðabætur ef það á við.
- Stofna nýja samninga
- Kostnaður við verkefni sem tefjast.
- Þjálfun nýs starfsfólks þar sem mörgum verður sagt upp (oft talað um að í upphafi eru afköst nýs starfsfólks aðeins um 25%).
- Þjálfun og innleiðing á nýjum kerfum.
- Tækifæriskostnaður: Glötuð tækifæri til að gera hluti fyrir það fjármagn sem kostar að leggja stofnun niður.
- Kostnaður við nýja hönnun á útliti, auglýsingum og efnisgerð.
- Endurgera kennsluleiðbeiningar og sértækt efni sem stofnunin hefur gefið út í sínu nafni.
- Innviðauppygging: Uppsetning á nýjum tölvukerfum. Málaskrá, gæðakerfi, grafískum forritum, umsýsluforritum, almennum forritum eins og Microsoft, Teams og margt fleira.
- Kostnaður við uppsagnir starfsfólks.
- Kostnaður við ráðningu nýs starfsfólks þar sem aðkoma ytri aðila er þörf.
- Breyta öllum bókum Menntamálastofnunar svo það endurspegli nýtt logo/merki og nafn stofnunar.

- Kostnaður liggur ekki fyrir, aðeins stendur innan fjárlaga án þess að nána er farið út í það.

Spyrja má:

- Hvað kostaði sameining Menntamálastofnunar og Námsgagnastofnunar?
- Hver var kostnaður við breytingar á nafni „Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins“ yfir í „Ráðgjafa- og greiningarstöð ríkisins.“?

Á tímum aðhalds verður mikilvægara en áður að rýna í raunverulegan kostnað við aðgerðir og ganga inn í verkefni með gagnsæi.

Staðsetning verkefna

Fjöldi stjórnsýsluverkefna sem nú eru á borði Menntamálastofnunar virðast ekki vera með samastað ef stjórnsýsluhlutverkið sem Menntamálastofnun var með er tekið í burtu.

- Hvar og hver skráir nýja skóla á Íslandi?
- Hvert fer umsýsla um skóla í skólakerfinu?
- Hverjir munu sjá um undanþágunefnd kennara?
- Starfsfólk Menntamálastofnunar situr í ógrynni af nefndum og fagráðum. Hvað verður um þau störf fyrstu mánuðina eftir breytingu á stofnun?

Persónuvernd

- Líkt og kemur fram í bréfi persónuverndar eru mjög margir þættir óljósir þegar kemur að nýrri stofnun.
- Ráðherraeftirlit: Ráðherra er falið vald til að safna og greina gögn í leik- og grunnskólum. Þessi miðstýring gæti valdið áhyggjum af hugsanlegri misnotkun gagna eða skorti á framlagi frá fagfólki í menntamálum. Er munur hvort þessi heimild liggja hjá undirstofnun eða hjá ráðuneytinu sjálfu?

Huglægar skilgreiningar

Á fjórum stöðum eru lög huglægt í framsetningu, bjóða upp á mistúlkun og vert að hafa í huga.

- 1. Grein:
 - Stofnunin á að starfa eftir: „bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið.“
 - Hver er besta þekkingin? Hvernig er hún skilgrein? Hver eru þessi alþjóðlegu viðmið?
- 3. grein:
 - „sem tengjast starfsemi hennar.“
 - Hér má spyrja: hvert verður nákvæmlega starfsemi og hlutverk nýrrar stofnunar, eru þau verkefni á hreinu eða háð öðrum lögum?
- 5. Grein:
 - “Heimild skv. 1. mgr. nær til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga og upplýsinga viðkvæms eðlis, svo sem heilsufarsupplýsinga og upplýsinga um félagslegar aðstæður einstaklinga, að því marki sem slík vinnsla er **nauðsynleg** Miðstöð menntunar og skólaþjónustu til að sinna lögbundnu hlutverki sínu.”

- Hér er orðið nauðsynlegt nokkuð loðið.
- 6. Grein:
 - Hér er á ný gefin heimild til stofnunarinnar til að safna gögnum sem „hún“ telur „nauðsynlegt“ til að geta unnið sín störf.
 - Er þörf á ítarlegri útskýringu.

Vandamál sem gætu komið upp en ekki eru skilgreind:

- Það gæti komið upp „Red Tape“ vandamál: Að stofnun nýrrar stofnunar sem væri til þess fallin að draga úr stjórnsýsluumstangi gæti einmitt orðið til þess að stjórnsýsla álag aukist á bæði ráðuneyti og nýja stofnun og dregið úr þjónustustigi fyrir almenna notendur.
- Innleiðing á nýrri stofnun gæti tekið tíma og rof orðið í þjónustu við skóla í landinu, sér í lagi þar sem þetta rof yrði um miðjan vetur (t.d. Lesfimi prófin, námsefnisútgáfa o.fl.).
- Starfsmenn sem missa vinnu munu valda verulegri skerðingu á starfsanda og geta rýrt traust almennings á stjórnun menntamála og nýrri stofnun.
- Mikil hætta að stofnana-minni hverfi, að þekking á sértæk kerfi og sértækar upplýsingar fari mjög snögglega úr stofnuninni.

Það sem mætti betur fara:

- Það getur verið hagkvæmt að setja ákvæði um ábyrgðarkerfi, svo sem endurskoðun eða opinbera skýrslugjöf umfram ársskýrslu.
- Í drögnum er ekki tilgreint hvernig ágreiningur milli miðstöðvarinnar og annarra stofnana eða hagsmunaaðila yrði leystur.
- Þó að minnst sé á gagnavinnslu og samnýtingu gæti verið skýrari hluti um gagnaöryggissamskiptareglur til að vernda viðkvæmar upplýsingar.
- Það virðist ekki hugað að neinum vísum (e. metrics) um hvernig umbreyting tekst. Engin mælanleg gögn um árangur nýrrar stofnunar hafa verið skilgreind.
- Er eðlilegt að ráðuneytið taki við ytra mati á stofnunum sem þau sjálf stýra/eru yfir?

Siðferðislegar spurningar:

- Miðað við nálgun, kostnað og að öllu starfsfólki verði sagt upp:
 - Hver græðir mest á þessari breytingu?
 - Hver tapar mestu?
 - Er þetta nauðsynlegt?
- Er eðlilegt að ráðuneyti taki við ytra mati á stofnunum sem þau sjálf stýra/eru yfir?



Núi Kristinnsson
23. október 2023